



Menntaskólinn á Akureyri
Eyrarlandsvegi 28, 600 Akureyri

ENSKA 401 – 3. bekkur náttúru- og eðlisfræðideildar

Undanfari: ENS302

Kennari: Ghasoub Abed (GAB) ghasoub@ma.is

Áfangalýsing

Í þessum áfanga, sem jafnframt er síðasta einingin af níu sem nemendum á eðlis- og náttúrufræðibrautum ber að taka í kjarna, verður fengist við lestur margs konar texta sem tengjast fyrst og fremst sögu og þróun vísinda og tækni. Meginmarkmið áfangans er að auðga orðaforða og efla skilning á grundvallarhugtökum vísinda. Áhersla verður lögð á sjálfstæð vinnubrögð, öflun upplýsinga og skýra framsetningu í töluðu og rituðu máli. Í samræmi við námskrá verður unnið að því að nemendur læri að nýta sér upplýsingar á Netinu og kunni að fara með margmiðlunarefni af ýmsu tagi.

Áfangamarkmið

Markmið áfangans er að efla leikni nemandans í meðferð enskrar tungu munnlega og skriflega, einkum með tilliti til vísinda. Áhersla er lögð á eflingu orðaforða á ýmsum sviðum vísinda með lesefni sem gerir stigvaxandi kröfur um þekkingu og meðferð ensks máls. Vísindalegur orðaforði er styrktur með lesefni sem gagnert hentar til orðskýringa á ensku. Munnleg tjáning er þjálfuð í áfanganum með skipulegum hætti og verkefnum sem nemendur flytja.

Námsefni:

English 401 English for Science – hefti í afgangi MA

Kennsluhættir

Farið verður yfir texta í heftinu og verkefni unnin sem tengjast orðaforða. Moodle umhverfi verður notað við kennsluna.

Kennsluáætlun

Vika 1: Kynning – *English 401*
Vika 2 -13: *English 401 – farið yfir efnið í heftinu.*
Vika 14-15 *Ritgerðasmið*

Námsmat:

1. **Vinnueinkunn** gildir **20%** einkunnar. Hér eru meðtalin verkefni og kannanir í orðaforða í kennslustundum og á Moodle, önnur verkefnavinna, almenn frammistaða, t.d. hversu vel nemendur eru undirbúnir í tímum og þátttaka í umræðum. Góð ástundun (mæting) er forsenda góðrar einkunnar.
2. **Ritgerð 20%**
3. **Skriflegt lokapróf** gildir **60%** einkunnar.

- **Ef nemandi er veikur í þeim verkefnum sem gilda til einkunnar, tekur hann verkefnið í næsta enskutíma hafi hann skilað inn læknisvottorði.**
- **Skrópi nemandi í verkefni/könnun fær hann einkunnina 0.**
- **Til að ná áfanganum þarf nemandi að fá 45 punkta af 100 í lokaprófi.**
- **Athugið að almennar reglur enskudeildar um skil á verkefnum má finna á Moodle.**

Réttur til breytinga áskilinn
Ghasoub
September 2011